

Til félaga í Vínafélagi Þverárkirkju, á fyrsta sunnudegi í aðventu!

Þá er fyrsta messa í uppgerðri Þverárkirkju afstaðin. Sunnudaginn 24. ágúst fylltist kirkjan, svo að hvert pláss var sett. Í kirkjunni var ennþá angan af fernisolíu frá gólfinu, sem var langtum viðkunnanlegri en fúalyktin sem var farin að loða við kirkjuna. Nú er þar engan fúa að finna. Það síðasta sem gert var fyrir hátíðina var að koma bekkjunum fyrir. Það gerði Áskell. Málarnir höfðu þá málað bekkina í upphaflegum lit, sem fannst undir þeim síðasta. Engar sessur voru settar, enda ekki þar frá byrjun.

Það fer ekki á milli mála að viðgerðirnar eru afar vel heppnaðar. Kirkjan verður að sumu leyti betri en ný. Þar vísa ég til þurrkunar á jarðvegi utan við húsið, regnvatnsrenna, rafmagns og upphitunar.

Sr. Þorgrímur Daníelsson á Grenjaðarstað messaði, kór söng og leikið var undir á gamla orgelið. Þetta var ósköp notalega stund. Eftir á var drukkið messukaffi út í Þverá í boði Áskels, systra hans og systurdóttur (og etv. fleiri). Fátt jafnast á við messukaffi í Þverá. Sjá nokkrar myndir á [flickr.com/photos/marvidar/sets](https://www.flickr.com/photos/marvidar/sets).

Eftir á séð láðist að geta framkvæmdanna við athöfnina. Þeim er að vísu ekki alveg lokið, en ennþá á eftir að mála predikunarstólinn og nokkur lítil svæði. Það verður væntanlega gert í vor. En langstærsta hluta framkvæmdanna er lokið. Í Mbl. var í vikunni minnst á framkvæmdirnar og fylgja með tvær myndir. Það er Atli Vigfússon á Laxamýri sem sendi þessa frétt úr héraði. Hann minnst á Vínafélagið okkar. Sjá [viðhengi](#).

Til að minnst framkvæmdanna, og til að festa þær á blað fyrir síðari tíma, stefni ég að því að skrifa um þær ítarlega *skýrslu í Árbók Þingeyinga 2015*, enda lýkur framkvæmdum þá. Ég hef þegar gert ritstjóra viðvart.

Ég sendi inn umsókn til Minjastofnunar Íslands, líklega í síðasta sinn fyrir þessa framkvæmd, og sæki um styrk til framkvæmdaloka að upphæð 2,5 mkr. Við sjáum hvað setur (um miðjan mars nk.). Áskell sá sjálfur um að sækja um til jöfnunarsjóðs kirkna þetta árið. Svar berst frá þeim sjóði eftir áramót.

Ég fór norður í Laxárdal að hitta Áskel fyrir hálfum mánuði og var eina nótt á Þverá. Það er alltaf jafn yndislegt að koma þangað.

Megið þið hafa ánægjulega aðventu!

Már Viðar Mátsson f.h. Vínafélags Þverárkirkju  
30. nóv. 2014